

ELLA

Starfshópur um húsnæði fyrir unga foreldra og börn þeirra

Velferðarsvið – VEL2019060012
Júní 2020

Forsaga

Í júní 2019 skipaði Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri, starfshóp til að útfæra þjónustu og ráðgjöf til ungra einstæðra foreldra sem úthlutað er félagslegu leiguhúsnaði í að hámarki þrjú ár. Verkefnið fékk heitið ELLA.

Þá hafði verið undirritaður kaupsamningur milli Félagsbústaða og verktaka um kaup á 30 íbúðum í fjölbýlishúsi við Elliðabraut 12 í Norðlingaholti. Ákveðið var að 10 íbúðum verði úthlutað til fatlaðs fólks þar sem sjö af íbúðunum munu tilheyra íbúðakjarna og þrjár munu tilheyra húsnaði með stuðningi. Að auki þarf ein af fjögurra herbergja íbúðunum við Elliðabrautina að vera fyrir starfsmannaaðstöðu.

Þær íbúðir sem eftir eru verður úthlutað sem félagslegu leiguhúsnaði til einstæðra foreldra sem þurfa stuðning og ráðgjöf t.d. varðandi uppeldishlutverk sitt, menntun og/eða atvinnuleit.

Íbúðirnar eru tveggja, þriggja og fjögurra herbergja og eru áætlaðar til afhendingar í október 2020.

Meðlimir starfshóps:

Þóra Kemp, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs, sem jafnframt er hópstjóri,
Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs,
Ella Kristín Karlsdóttir, deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts,
Þuríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri í verkefninu TINNA, tækifæri til betra lífs,
Guðrún Marinósdóttir, verkefnastjóri hjá Barnavernd Reykjavíkur, en hún lét af störfum í nóvember 2019.
Laufey Þorvaldsdóttir, deildarstjóri hjá Barnavernd Reykjavíkur, sem kom inn í starfshópinn í desember 2019.

Verkefni starfshóps:

Verkefni starfshópsins var að koma með tillögur og hugmyndir að útfærslu á þjónustu og ráðgjöf fyrir unga einstæða foreldra sem fá tímabundið úthlutað félagslegu leiguhúsnaði að Elliðabraut.

Starfshópurinn fundaði alls sjö sinnum á tímabilinu ágúst 2019 til maí 2020. Eftirfarandi gestir voru boðaðir á fundi starfshópsins:

Eygló Harðardóttir, verkefnastjóri nýbyggingar hjá Samtökum um Kvennaathvarf,
Ólafía Magnea Hinriksdóttir, leiðandi forstöðumaður á skrifstofu velferðarsviðs,
NN (notandi í verkefninu TINNA),
Pálína Sjöfn Þórarinsdóttir, formaður félags leigjenda hjá Félagsbústöðum.

Tillögur starfshóps:

- Tíu íbúðum verði úthlutað til ungra einstæðra foreldra á aldrinum 18-29 ára með 1-2 börn.
- Níu íbúðum verði úthlutað til einstaklinga/hjóna 55 ára og eldri.

- Ráðið verði í eitt stöðugildi félagsráðgjafa og eitt stöðugildi þroskaþjálfara sem vinna náið með þeim starfsmönnum sem ráðnir verða til að þjónusta íbúa í íbúðakjarna og í húsnæði með stuðningi.
- Starfsmenn veita íbúum félagslega ráðgjöf, og stuðning til valdeflingar og virkni.

Greinargerð

Hugmyndin með verkefninu ELLA er að úthluta félagslegu leiguhúsnæði til ungra einstæða foreldra, á aldrinum 18-29 ára, sem þurfa stuðning og ráðgjöf m.a. í uppeldishlutverki sínu, varðandi virkni, menntun og/eða atvinnuleit. Áhersla verður lögð á forvarnarþátt og uppbyggingarstarf í lífi fjölskyldnanna. Einnig verður lögð áhersla á að fjölbreytni verði í íbúðasamsetningu. Íbúðunum verður úthlutað tímabundið til allt að þriggja ára.

Starfshópurinn leggur til að úthlutað verði til tveggja mismunandi hópa í ELLU og að þeir séu ólíkir hvað fjölskyldusamsetningu varðar. Það er mat starfshópsins að þjónustan við íbúa gæti orðið of flókin ef öllum nítján íbúðunum verður úthlutað til einstæðra foreldra með börn.

Því er lagt til að tíu íbúðum verði úthlutað til ungra einstæðra foreldra og níu til einstaklinga/hjóna 55 ára eða eldri. Það mætti skoða þann möguleika að þau gætu veitt margvíslegan stuðning til yngri hópsins en báðir hóparnir sem fá úthlutað húsnæði við Elliðabraut stendur til boða að fá stuðning og ráðgjöf og eru því hluti af ELLU.

Á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði þann 1. júní 2020 voru 34 einstæðir foreldrar á aldrinum 18-29 ára og eiga þessir foreldrar samtals 46 börn. Ungir, einstæðir foreldrar, sem fá úthlutað félagslegu leiguhúsnæði, standa margir hverjir höllum fæti, hafa lítinn sem engan stuðning frá fjölskyldu og eiga erfiðan félagslegan bakgrunn. Þeir hafa litla sem enga menntun, eru oftast ekki atvinnulausir, með örorkumat eða eru með fjárhagsaðstoð sér til framfærslu. Margir eiga í erfiðleikum með að halda heimili og sinna uppeldishlutverki sínu. Mikilvægt er að styðja þennan hóp foreldra, m.t.t. menntunar og annarar virkni. Að veita þeim stuðning og ráðgjöf í ákveðinn tíma með það að markmiði að bæta lífskjör og félagslega stöðu fjölskyldunnar til lengri tíma.

Einstæðir foreldrar 29 ára og yngri á biðlista eftir alm. félagslegu leiguhúsnæði 1. júní 2020

Fjölskyldugerð	Aldur		
	20-24 ára	25-29 ára	Samtals
Einstæður faðir	1		1
Einstæð móðir	10	21	31
Samtals	11	23	34
Fjöldi barna	13	33	46

Á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði þann 1. júní 2020 voru alls 95 einstaklingar/hjón, 55 ára eða eldri, með alls fjögur börn. Markmiðið með að úthluta til fólks sem er eldra en 55 ára er að þeir geti veitt ungu foreldrunum stuðning, annað hvort þeim sjálfum eða börnum þeirra. Einnig gætu þessir einstaklingar verið foreldrunum ákveðnar fyrirmyndir hvað varðar uppeldi barna, atvinnu og/eða menntun. Þessum einstaklingum yrði úthlutað sérstaklega m.t.t. styrkleika og félagslegrar stöðu, s.s. atvinnu eða annarri virkni en eins og fram kemur hér að framan mun þessum hópi einnig standa til boða að fá ráðgjöf og stuðning.

Umsækjendur 55 ára og eldri á biðlista eftir alm. félagslegu leiguhúsnæði 1. júní 2020

Fjölskyldugerð	Aldur			Total
	55-59 ára	60-66 ára	67 ára og eldri	
Einhleypur karl	22	30	4	56
Einhleyp kona	13	14	6	33
Einstæður faðir	1			1
Einstæð móðir	1	1		2
Hjón/sambýlisfólk barnlaus		1	1	2
Hjón/sambýlisfólk með börn	1			1
Samtals	38	46	11	95
Fjöldi barna	3	1	0	4

Hóparnir sem lagt er til að fái úthlutun í verkefnið ELLA eru:

- Ungir einstæðir foreldrar á aldrinum 18 til 29 ára með 1-2 börn.
- Einstaklingar/hjón 55 ára og eldri.

Skilyrði fyrir úthlutun í húsnæðið við Elliðabraut er að einstaklingar séu á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg og uppfylli að öllu leyti reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Húsnæðinu er úthlutað sem áfangahúsnæði sbr. 2. gr. og 7. mgr. 19. gr. framangreindra reglna. Leigusamningar verða því gerðir til sex mánaða í senn með möguleika á endurnýjun í sex mánuði allt að fimm sinnum eða tímabundin leigusamning til þriggja ára sbr. 2. og 3. mgr. 22. gr. framangreindra reglna. Ef vel hefur gengið að loknum þessum tíma eða fyrr munu leigjendur fá ákveðinn forgang með milliflutning í annað félagslegt leiguhúsnæði ef þess gerist þörf.

Áhersla verður lögð á að íbúar séu virkir þátttakendur í samfélaginu og verður þeim boðið upp á fræðslu, stuðning og ráðgjöf til að ná markmiðum sínum með gerð einstaklingsáætlunar. Hægt er að hugsa þjónustuna við Elliðabraut sem þrepaskipta sem taki mið af sjálfstæði og félagslegri stöðu hvernar fjölskyldu fyrir sig.

Taka þarf afstöðu til þess að hvort og þá með hvaða hætti gerðar verða kröfur um samlegð milli íbúa, s.s. varðandi íbúafundi, nýtingu á sameign og fleira, en í umræðu hjá starfshópnum komu fram hugmyndir um að nýta mætti hluta af sameign sem leiksvæði fyrir börnin og eins hvort íbúar vildu bjóða upp á barnagæslu fyrir hvort annað.

Rætt var um að gerður yrði samskiptasáttmáli meðal íbúa sem felur í sér að leitast við að skapa andrúmsloft þar sem íbúar finna til öryggis, trausts og velvilja milli hvors annars.

Lagt er til að samnýting verði með þeim starfsmanni sem verður ráðinn til að veita þjónustu til íbúa sem eru í íbúðunum ætluðu fötluðu fólki ásamt því að tveir félagsráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts verða ráðnir til starfa, hvor um sig í 50% starf, auk þess að ráðið verði í 100 % stöðu þroskaþjálfar. Þessir aðilar veita þjónustu til allra íbúa hússins í formi félagslegrar ráðgjafar, valdeflingar og virkni.

Starfsmannaðstaða verður í einni fjögurra herbergja íbúð (sameiginlegt rými, viðtalsherbergi og skrifstofuaðstaða) sem samnýtt verður af starfsmönnum auk þess sem þar verður aðgengi að og viðveru félagsráðgjafa eftir fyrirfram ákveðnum tímum.

Mikilvægt er að væntanlegir starfsmenn verði með strax frá byrjun við að skipuleggja starfsemina

Umræða

Gestir sem komu á fundi starfshópsins voru sammála um að ELLA væri spennandi verkefni og sáu marga jákvæða kosti við það. Umræða var um íbúasamsetninguna og mögulega hræðslu og fordóma sem gætu komið frá öðrum íbúum eða nágrönnum gagnvart sértæku búsetunni og íbúasamsetningunni í almennu íbúðirnar. Sömuleiðis var rætt hvort íbúar við Elliðabraut gætu upplifað vantraust og að þeir væru undir eftirliti þar sem starfsmaður er staðsettur í húsinu. Þetta eru þættir sem þarf að hafa í huga. Hugmyndafræðin með búsetunni er sú að veita stuðning á forsendum hvers og eins og með samþykki viðkomandi.

Íbúðirnar við Elliðabraut eru misstórar og umræða skapaðist um það hvort mögulega megi sjá samnýtingu á stóru íbúðinni við Elliðabraut 12. Sú hugmynd kom upp að tvær einstæðar mæður deildu stórrí íbúð með börn sín. Grundvöllur fyrir slíkri sambúð er samstarfsvilji fyrir því að búa saman, að þekkjast og að sjá kosti þess t.d. að geta dreift ábyrgð og kostnaði sem fylgir sameiginlegu heimilishaldi.

Niðurstöður

Í norskrei rannsókn frá árinu 2015 um upplifun íbúa af samfélagsbúskap koma fram að markmið með þess háttar búsetu væri að auðvelda íbúum að ná tökum á sjálfstæðu lífi með þéttum stuðningi og seinna meir geti viðkomandi flutt í annað húsnæði án stuðnings. Veitt var þjónusta sem sniðin var að þörfum hvers og eins með það að markmiði að auka virkni íbúa til að takast á við þætti daglegs lífs. Unnið var út frá því að íbúar bæru fulla ábyrgð á eigin lífi þar sem starfsfólk reyndi eftir fremsta megni að sjá til þess að íbúar fengju tækifæri til vaxtar og þróunar út frá eigin forsendum. Fram kom að stuðningur var íbúum mikilvægur þar sem aðstoð fagmenntaðra starfsmanna jók lífsgæði íbúanna (Mækelæ, 2015).

Mögulegur ávinningur með ELLU

- Öryggi og stöðugleiki í búsetu
- Valdefling og einstaklingsbundinn stuðningur við fjölskyldurnar
- Bætt aðgengi að félagslegri ráðgjöf .
- Stuðningur og samheldni meðal íbúa
- Möguleiki á varanlegri búseta í framhaldi af ELLU

Starfshópurinn er sammála um að ELLA sé framsækið verkefni sem vert er að koma í framkvæmd og þróa áfram. Um er að ræða spennandi búsetuform sem á sér ekki hliðstæðu á Íslandi og því mörg tækifæri sem felast í því að vinna verkefnið ELLU áfram

Heimild:

Mækelæ, J. (2015). Ansvarlighet i samarbeidet mellom ansatte og beboere i et kommunalt bofellesskap. *Nordisk Tidsskrift for Helseforskning*, 11(2), 2-15.

<https://doi.org/10.7557/14.3708>